

Ágætu félagar

Þegar við höldum aðalfund félagsins förum við í stórum dráttum yfir atburði síðasta árs. Flest hefur gengið vel.

Þó eru dimm ský á lofti.

Eins og við vitum öll hefur töluverð breyting orðið á þjóðfélaginu. Staða margra félaga okkar, sérstaklega í ferðaþjónustunni, hefur versnað til mikilla muna.

Fjöldi launþega á hótélum og veitingastöðum eru atvinnulausir og enn fleiri á hlutabótaleiðinni. Það batnar vonandi að einhverju leyti nú þegar sumarið gengur í garð og búið að lina tökin á samkomubanninu.

Enginn vill verða atvinnulaus, en með aðgerðum stjórnvalda, með hlutabótaleiðinni og að greiða fyrirtækjum hluta af uppsagnarfresti starfsfólks, má bjarga miklu og við treystum því að ástandið verði betra er líður á sumarið.

Ég held að aldrei í sögu félagsins hafi svo margir verið skráðir atvinnulausir eða á hlutabótum eins og núna.

Ég held þó að samfélagið okkar sé sterkara en margir aðrir landshlutar vegna samsetningar vinnumarkaðarins hér. Matvælaframleiðslan, opinbera þjónustan og byggingaframkvæmdirnar munu nokkurn veginn halda óbreyttri starfsemi. Eins og stundum áður erum við ekki að sveiflast mikið til.

Fljúgum alltaf í svipaðri hæð!!

Á síðasta starfsári kannaði stjórn félagsins óformlega hvort félög hér vestan við okkur vildu koma til samstarfs við okkur. Búa til eitt félag frá Hrútafirði til Grenivíkur.

Formaður og varaformaður félagsins hittu forustumenn Öldunnar á Sauðárkróki og Samstöðu í Húnavatnssýslu.

Ekkert hefur komið út úr þessu ennþá, en ég held að við eigum að vinna meira að þessu á næsta starfsári og kanna betur hug félagsmanna til svona hugmynda.

Það styttest í að stór félög á höfuðborgarsvæðinu fari að kalla eftir því að landsfélög verði stofnuð og aukin, þannig að það er betra að stækka félögin á landsbyggðinni og gera þau öflugri til allra verka. Nærþjónustan verður að haldast, svo að ekki verði erfiðara að sækja þjónustu.

Takmarkið er að verða öflugri og hafa meira af sérhæfðu starfsfólki hjá félögunum. Það hefur t.d. gefið góða raun að hafa lögfræðinga starfandi hjá okkur, en slíkt er ekki hægt hjá litlum félögum með fáa starfsmenn.

Markmiðið er ekki endilega að spara fjármuni. Númer eitt er aukin þjónusta.

Síðasta starfsár hefur verið ár samninga og nú eru allir samningar félagsins frágengnir. Sumir til loka árs 2022 og aðrir til septemberloka 2023.

Almennir samningurinn, svokallaði lífskjarasamningur, sem við gerðum fyrst, hefur leitt aðra samninga hjá félaginu. Við höfum verið í samstarfi við önnur félög innan Starfsgreinasambands Íslands og margt af því sem er í þessum samningum er með því betra sem við höfum náð í kjarasamningum liðinna ára. Krónutöluhækkunina gerðum við kröfu um, sömuleiðis náðist krafan um að taxtar hækkuðu meira en almennt.

Frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022, hækka taxtar um 90.000 krónur, en almenn hækkun er 68.000 krónur. Það var nokkuð samstíga hópur sem gekk frá borði í almennu samningunum. Það er alveg ljóst að fall WOW hafði mikil áhrif og flýtti fyrir samningunum.

Þó var eitt í samningunum sem betur hefði mátt fara, það er stytting vinnuvikunnar í 36 stundir. Það sem var samið um var óþarflega flókið og felur í sér að fólk láti kaffitímana sína og fái þá aukastyttingu.

Fyrst þarf að greiða atkvæði um hvort menn vilji fara í viðræður um málið, ef það er samþykkt þá að kjósa samninganefnd sem semur um styttinguna.

Þegar búið er að gera samning þá skal greiða atkvæði um hvort menn samþykki það eða ekki. Þetta kerfi er alltof þungt og ég segi fullum fetum að það voru mikil mistök að afgreiða þetta með þessum hætti.

Ég er alveg viss um að þessi vinnutímastytting mun ekki koma til framkvæmda á almenna markaðnum fyrr en breytt verður í sambærilegt og samið var um á opinbera markaðnum.

Þar er styttingin 13 mínútur á dag eða 65 mínútur á viku og gildir það frá 1. janúar 2021 og er óháð kaffitímunum. Í vaktavinnu hjá ríki og sveitarfélögum verður vinnutími 36 klst. frá 1. maí 2021.

Það þarf að aðlaga þetta að hverjum vinnustað. Þar verða í raun engir fyrirfram ákveðnir neyslutímar, en þýðir þó ekki að fólk geti ekki neytt matar. Ég tel að þessi nálgun á opinbera markaðnum sé alveg frábær og muni í næstu samningum verða tekin upp á almenna markaðnum.

Lífskjarasamningurinn var að mörgu leyti sérstakur. T.d. aðkoma ríkisins og fleira. Mörk sem sett voru um lækkuð vaxta hafði mikil áhrif og ég tel að samningurinn hafi fært mörgum nokkra launahækkun miðað við að vextir hafa lækkað mikið og eiga vonandi eftir að lækka meira.

Stjórnvöld hafa staðið við sínar yfirlýsingar í mörgum málum og nú á vorþingi eru komin fram frumvörp sem munu uppfylla fleiri loforð. Þar á ég helst við tillögur um húsnæðismál, en þar er verið að auðvelda ungu fólki að eignast sína fyrstu íbúð. Í heildina voru þetta góðir samningar, sérstaklega fyrir þá sem eru á lægri launum.

Samningaviðræður við ríki og sveitarfélög tóku mjög langan tíma og vil ég þakka því fólki sem vinnur eftir þeim samningum fyrir alveg óþrjótandi þolinmæði og skilning.

Viðræður drógust ekki síst vegna samninga um vaktavinnuna og styttingu vinnutíma en þar komu allar stéttir að, þ.e. ASÍ, BSRB, BHM og hjúkrunarfræðingar. Þegar samningar lágu fyrir voru þeir afturvirkir til 1. apríl 2019, eða í eitt ár.

Það er ekki oft sem svona afturvirkni hefur sést í samningum innan ASÍ, einnig tafðist samningurinn við sveitarfélögin vegna deilu um greiðslu í lífeyrissjóð sem aðrir starfsmenn sveitarfélaga fengu árið 2017.

Málið fór fyrir félagsdóm og tapaðist. Niðurstaðan varð sú að við fengum þetta bætt í samningnum með svokölluðum félagsmannasjóði sem fólk fær greitt úr 1. febrúar ár hvert.

Mjög mikill tími fór í samningagerð á þessu starfsári og sem dæmi má nefna þá var ég í Reykjavík hátt á þriðja mánuð vegna samningaviðræðna. Þetta hafði þær afleiðingar að ýmislegt sem búið var að ráðgera í félagsstarfinu var slegið á frest.

Nú í haust verður endurskoðun á almenna samningnum og báðir aðilar geta sagt honum upp ef forsendur hans hafa brostið.

Samkvæmt samningnum eigum við að fá launahækkun 1. janúar 2021 upp á kr. 24.000 á taxta. Ég tel engar líkur á því að við náum betri samningum fyrir þennan tíma og tel að við þurfum frekar að vera í varnarbaráttu til að halda hækkuninni inni.

Fyrir liggur vinna við að endurskoða stofnana-samninga, ekki síst að aðlaga vinnutímastyttinguna að stofnunum á opinbera markaðnum.

Undirbúningur kjarasamninga og gerð þeirra reynir verulega á félagsstarfið og sýnir líka hvað tengslin eru raunverulega góð. Það vantar stundum í umræðuna að **félagið er fólkið sem í því er**, en ekki starfsmenn á skrifstofu eða stjórn félagsins.

Styrkur félagsins liggur í þessari staðreynd og góðum tengslum milli stjórnarinnar og félagsmannanna.

Á vinnustöðunum eru um það bil 140 trúnaðarmenn. Þar eru auðvitað mismunandi aðstæður, sem kalla á meiri vinnu hjá sumum en öðrum, en allir trúnaðarmennirnir skila frábæru starfi.

Félagsstarfið hefur mjög mikið snúist um samninga og atkvæðagreiðslur og ekki síst um eftirfylgni með þeim. Það er með ólíkindum hversu margir koma til okkar vegna allskonar brota atvinnurekanda gegn þeim, sömuleiðis er líka mikið um að fólk komi til okkar til að fá upplýsingar og ráðgjöf.

Svo eru dæmi um að fólk kemur ekki til okkar fyrr en það er hætt á vinnustaðnum og hefur ekki fengið umsamin laun eða réttindi brotin á þeim. Það er oft erfitt að fá leiðréttingar þegar fólk er hætt. Dómsstólar eru í meira mæli farnir að dæma þannig að ef viðkomandi hefur ekki kvartað og getur ekki sannað að hann hafi óskað eftir leiðréttingu, þá fæst rétturinn ekki viðurkenndur og talið að viðkomandi hafi sýnt tómlæti og með því samþykkt gjörninginn!!

Svo eru þeir sem eru svo óöryggir að þeir vilja ekki láta okkur ganga í málið, halda að þá missi þeir bara vinnuna. Ég hef heyrt frá félagsmönnum, reyndar ekki mörgum, að atvinnurekandi segi við einstaklinga: „Ef þú ferð í stéttarfélagið þá verðurðu rekinn“. Þetta viðhorf er til skammar og á ekki að líðast, en fólk er hrætt við að missa vinnuna. Flestir sem lenda í svona aðstæðum eru ungt fólk og útlendingar.

95% atvinnurekenda eru með hlutina í lagi, eða gera í besta falli mistök sem eru leiðrétt ef við komum með athugasemdir.

Það hefur alveg komið fyrir að atvinnurekendur hafa sagt við mig: „Þið eruð alltaf að skamma okkur en við eigum það ekki skilið“. Það er sjálfsagt rétt við notum stundum stór orð og alhæfum. Það er auðvitað ekki sanngjarnt ég viðurkenni það alveg.

Þessum 95% vil ég þakka gott samstarf og vonast eftir því að samstarfið verði áfram gott.

Við hina vil ég segja að við munum alltaf standa fast á réttindum launafólks og verja það gegn hverskonar brotum af hendi atvinnurekenda.

Hin ýmsu verkefni sem upp koma eru endalaus og er mjög krefjandi fyrir starfsmenn félagsins að leysa úr þeim, en að mínu viti höfum við staðið okkur nokkuð vel. Það er því frábært að fá þau svör úr skoðanakönnun frá Gallup að 97% félagsmanna séu frekar ánægð með þjónustuna. Rekstur félagsins gekk nokkuð vel á síðasta ári. Rekstrarafgangur var upp á rúmlega 12 milljónir og eftir vexti og söluhagnað var afgangurinn rúmlega 38 milljónir. Þetta er viðsnúningur frá síðasta ári.

Í upphafi árs samþykkir stjórnin rekstraráætlun fyrir árið og er það starfsmanna félagsins að vinna eftir henni. Á hverjum stjórnarfundum er lögð fram staða félagsins og sjóða. Þetta gerir stjórnina kleift að fylgjast með framvindu mála. Það er ómissandi fyrir mig að hafa stjórnina svona vel upplýsta um fjármál félagsins.

Eignir félagsins eru komnar á tólfta hundrað milljónir króna og iðgjöldin nálgast hálfan milljarð. Hermann, endurskoðandinn okkar, mun fara yfir þetta betur á eftir. Á eftir verður líka farið yfir stjórn og trúnaðarráð, einn listi barst um tillögur að stjórn og trúnaðarráði, var hann því sjálfkjörinn.

Alls eru 27 nýir aðilar inni í trúnaðarráði félagsins og margir þeirra eru ungt fólk, en hjá félaginu eru 40% trúnaðarmanna undir 35 ára aldri.

Um það bil helmingur félagsmanna Einingar-Iðju er undir 35 ára aldri.

Um 2.000 manns eru á aldrinum 20 til 30 ára. Aukning starfa í ferðaþjónustu hefur aukið fjölda félagsmanna og þá sérstaklega þeirra ungu. En nú er fyrirsjáanleg fækkun starfsmanna í ferðaþjónustunni vegna Covid 19 sem lendir mest á þeim yngri.

Kynjaskiptingin í félaginu er þannig að konur eru 51% og karlar 49%.

Þó að mikið hafi mætt á skrifstofum félagsins þá hafa síðustu mánuðir verið mjög skrítnir, eftir að Covid 19 veiran kom upp. Það er mjög sérstök reynsla að loka skrifstofunum í mánuð og skipta starfsfólkinu í tvo hópa.

Það er alveg snúið að vinna að flóknum verkefnum heima og á ekki vel við alla en okkur tókst að búa svo um hnútana að menn gátu það. Ég vil þakka öllu því félagsfólki sem hefur mátt þola skerta þjónustu og tekið því með miklu jafnaðargeði. Það hafa aldrei verið eins margir tölvupóstar eða hringingar eins og á þessu tímabili, en vonandi er þessu tímabili nú lokið.

Ein breyting varð á starfsmannahópi félagsins. Hafdís E. Ásbjarnardóttir hætti störfum og við tók Arnór Sigmarsson lögfræðingur sem valinn var úr 17 manna umsóknunum um starfið. Hafdís þakka ég góð störf í þágu félagsins og bið Arnór velkominn til starfa.

Starfsfólkinu færi ég mínar bestu þakkir fyrir góð störf og ekki síst þann óbilandi vilja að gera félagið að því fyrirmyndarfélagi sem Eining-Iðja er.

Munum að félagið er aldrei sterkara en félagsmennirnir vilja hafa það hverju sinni.

Nú sný ég mér að hefðbundinni skýrslu.

Aðalfélagar á síðasta ári voru 8.328. Þeir sem greiða ekki félagsgjöld í sex mánuði fá bréf frá félaginu og eru í framhaldinu strikaðir út af félagaskrá.

Einnig eru send út bréf tvisvar á ári þar sem greiðandi utanfélagsfólki er boðið að ganga í félagið.

Ef þeir afþakka ekki, er litið svo á að þeir óski eftir inngöngu. Fjöldi félaga og breytingu á milli ára má sjá á bls. 4.

Í lok árs 2019 voru 237 félagsmenn Einingar-Iðju á atvinnuleysisskrá, þ.e.a.s. þeir sem létu draga félagsgjöld af bóttunum sínum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum. Þetta er fjölgun um 68 milli ára.

5.143 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu miðað við 4.749 árið áður. 908 fengu starfsmenntastyrki, 2.486 fengu styrki úr sjúkrasjóði, 1.487 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 262 fóru í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús.

Varðandi greiðslur til félagsmanna á árinu þá voru þær alls um 284 milljónir króna. Eins og ég nefndi áðan þá voru greiðslur úr sjúkrasjóðnum tæpar 160,5 milljónir. Að auki voru greiðslur úr fræðslusjóði rúmar 45 milljónir og úr orlofssjóði rúmar 78,5 milljónir.

Hermann Brynjarsson mun fara yfir reikninga félagsins hér á eftir, en á bls. 3 í skýrslunni má sjá lykiltölur og samanburð við árið á undan.

Ef við lítum á helstu styrki úr félagssjóði á síðasta starfsári, þá fengu Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Rauði krossinn sameiginlegan styrk að upphæð kr. 900.000, Iðnaðarsafnið á Akureyri kr. 400.000 og Grófin fékk kr. 100.000.

Á bls. 5 má finna fjárveitingar úr sjúkrasjóði. Alls fengu 214 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur, alls rúmar 127,3 milljónir miðað við tæplega 132,3 milljónir árið áður. 2.272 manns fengu styrki, alls um rúmlega 33,1 milljón sem er hækkun um tæpar 2 milljónir milli ára.

Alls fengu því 2.486 félagsmenn greidda styrki á síðasta ári úr sjóðnum, alls tæpar 160,5 milljónir, sem er lækkun um 3 milljónir milli ára.

Félagið stóð fyrir fjölmörgum námskeiðum á starfsárinu. Til dæmis voru haldin nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög í Alþýðuhúsinu, dyravarðanámskeið og starfslokanámskeið í samvinnu við SÍMEY.

Í lok október í fyrra skrifuðum við undir samstarfssamning við SÍMEY með það að markmiði að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína. SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Fjölmörg námskeið og námsleiðir eru í boði og geta áhugasamir kíkt á simey.is til að sjá hvað er í boði.

Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tómstundanámskeið sem félagið heldur. Endilega hafið samband við hana ef þið eruð með hugmynd um námskeið.

Vert er að minna félagsmenn sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum að starfsmenntasjóðirnir Sveitamennt og Ríkismennt greiða námskeiðsgjald vegna þátttöku almennra starfsmanna sveitarfélaga og ríkisins. Þetta á einnig við um stofnanir ríkis og sveitarfélaga sem eru aðilar að Sveitamennt og Ríkismennt.

Á síðasta ári fengu 908 félagsmenn einstaklingsstyrki úr starfsmenntasjóðunum Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Þetta er fækkun um 92 styrki milli ára, en upphæðin sem greidd var út hækkaði samt um rúma milljón og var rúmar 45,1 milljón.

Á bls. 6 sjáið þið aldursdreifingu styrkþega og yfirlit yfir helstu námskeið. Tengiliður við menntasjóðina er Aðalbjörg G. Hauksdóttir og hefur hún einnig umsjón með félagslegri fræðslu hjá félaginu.

21 orlofshús og sex orlofsíbúðir eru nú í eigu félagsins. Íbúðirnar sex eru á Höfuðborgarsvæðinu, en íbúð sem félagið átti á Egilsstöðum var seld á starfsárinu. Félagið keypti þrjá bústaði á Einarstöðum og á nú þar fjóra bústaði. Þá var ný sjúkraíbúð félagsins í Reykjavík tekin í notkun í fyrra. Félagið tók líka fjölda orlofshúsa á leigu eða skipti á húsum við önnur félög víðsvegar um landið yfir sumarið.

Félagsmönnum var aftur boðið upp á íbúð á Spáni síðasta sumar og er hún einnig í boði í sumar. Alls sóttu 30 félagsmenn um leigurnar níu sem í boði voru í fyrra, en hver leiga er tvær vikur.

Félagið úthlutaði 300 orlofsstyrkjum sem við köllum “Orlof að eigin vali”, hver styrkur var að hámarki 25.000 krónur.

Nýting orlofshúsanna er mjög góð. Nánar má skoða nýtingu þeirra á bls. 7 í skýrslunni. Ég vil minna á að gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum og íbúðum félagsins.

Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón á íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma, en auðvitað þarf að skila henni fullfrágenginni og snyrtilegri.

Leigutakar þurfa sjálfir að þrifa orlofshúsin áður en þeim er skilað.

Best er að skilja við hús og íbúðir eins og við viljum koma að þeim. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Því miður er staðan sú að kvörtunum vegna umgengi og lélegra þrifa hefur farið fjölgandi að undanförunu.

Félagar!

Höfum í huga að orlofshúsin eru sameign okkar allra og því er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari.

Að venju var boðið upp á þrjár ferðir fyrir félagsmenn. Um 70 félagsmenn og fjölskyldumeðlimir þeirra fóru í mjög góða dagsferð út í Grímsey. Um 50 félagsmenn og makar fóru í frábæra ferð til Þýskalands, Austurríkis, Króatíu og Slóveníu og mm 65 fóru í árlega dagsferð fyrir eldri félagsmenn og maka þeirra.

Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og hjá deildarstjórnunum, í trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn og forystumenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum.

Tveir fundir voru haldnir í trúnaðarráðinu og fjórir í samninganefnd, en umfjöllum um þá má finna á bls. 8 í skýrslunni.

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi og eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

13 fundir voru haldnir í stjórn félagsins þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir. Vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins. Þannig veit stjórnin alltaf hvernig staðan er miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs. Á öllum fundum stjórnar er einnig lagður fram listi yfir nýja félaga sem gengið hafa í félagið frá síðasta stjórnarfundum.

Á bls. 8 til 11 í skýrslunni er farið yfir helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundunum.

Eins og áður voru nokkrir almennir félagsfundir haldnir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar. Þó urðu þeir færri en vanalega vegna ástandsins í þjóðfélaginu vegna Covid-19. M.a. fimm kynningarfundur á nýjum samningi við Samtök atvinnulífsins og sex á nýjum samningi við sveitarfélögin. Haldnir voru fundir í svæðisráðum félagsins í janúar þ.e. Grýtubakkahrepps, Fjallabyggðar og Hríseyjar- og Dalvíkurbyggðar.

Búið er að halda fjölmarga vinnustaðafundi á árinu. Góðar umræður hafa verið á þessum fundum og er góður vettvangur til að miðla upplýsingum til félagsmanna. Trúnaðarmenn hafa verið hvattir til að vera duglegir að halda slíka vinnustaðafundi með starfsmönnum félagsins. Fjölmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum. Margir aðrir fundir voru haldnir, t.d. fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess. Aðalfundir starfsgreinadeildanna fóru fram í febrúar og var sama fyrirkomulag á fundunum nú eins og undanfarin ár.

Allir fundirnir tókust vel, en voru misvel sóttir eins og gengur. Formenn og vaformenn deilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins.

Í maí var haldinn ársfundur Stapa, 36. þing AN fór fram í september og í október fór fram 7. þing SGS. Þá fóru fulltrúaráðsfundir Stapa fram í nóvember og júní. Á bls. 11 og 12 má lesa nánar um fundina og þingin, þar sem Eining-Iðja átti að sjálfsögðu fulltrúa.

Eins og venjulega gaf félagið út þrjú blöð á árinu; orlofsblað, sumarblað og desemberblað. Blöðin voru borin í öll hús á félagssvæðinu í rúmlega 11.000 eintökum og hefur það mælst vel fyrir.

Ný heimasíða var tekin í notkun í fyrra og var, eins og undanfarin ár, bæði vel virk og vel sótt af félagsmönnum. Ég hvet alla til að skrá sig á póstlista félagsins, það er ef þú ert ekki þegar skráður.

Félagið er líka á Facebook og ekki væri verra að fá eins og eitt like frá ykkur.

Um miðjan maí var félagavefnum lokað vegna þess að félagið hefur tekið í notkun nýtt félagakerfi. Búið er að opna fyrir nýjan Orlofshúsavef félagsins og „Mínar síður“ eru væntanlegar á næstunni. Þá er nýr launagreiðendavefur í vinnslu. Nánar má lesa um þessar breytingar bls. 4 í skýrslunni.

Við, sem störfum á skrifstofunum þökkum fyrir öll góðu samskiptin á árinu og vonum að okkur hafi tekist að greiða úr sem flestu af því sem komið var með til okkar, hvort sem var í heimsóknum, síma eða á neti.

Vonandi eigum við góð samskipti áfram og berum gæfu til að gera góða hluti á komandi starfsári.

Að lokum vil ég þakka öllum sem ég hef starfað með á árinu fyrir samstarfið.

Það er óendanlega gaman að vera í sambandi við allt það fólk sem maður hittir, bæði á skrifstofunni og á fundum, og ekki síst á förnum vegi.

Takk fyrir mig og takk fyrir hönd starfsmanna félagsins.